

Lög  
Matvæla- og veitingafélags Íslands



## 1. Kafli

### Nafn félagsins, félagssvæði, tilgangur og félagsaðild.

#### 1. gr.

Félagið heitir, Matvæla- og veitingafélag Íslands. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Félagssvæði félagsins er allt landið, svo og skip þau sem sigla undir íslenskum fána, sem og skip að mestu í eigu íslenskra útgerða.

#### 2. gr.

Félagið er aðili að Alþýðusambandi Íslands..

#### 3. gr.

Hlutverk félagsins er m.a:

- a) Að efla og styrkja samhug og samheldni félagsmanna.
- b) Að gera samninga um kaup og kjör fyrir hönd félagsmanna.
- c) Að veita félagsmönnum aðstoð í veikindum og atvinnuleysi.
- d) Að vinna að fræðslu og menningarmálum í þágu félagsmanna.
- e) Að hafa samstarf við önnur stéttarfélög um sameiginleg hagsmunamál.
- f) Að starfrækja orlofsaðstöðu fyrir félagsmenn

## 2.kafli

### Aðild

#### 4. gr.

Fullgildir félagsmenn geta þeir einir orðið, sem vinna skv. kjarasamningi MATVÍS og:

- a) Starfa við matvæla- og veitingagreinar með tilskilin réttindi eða sem nemar.
- b) Starfa fyrir samtök matvæla- og veitingagreina og hjá fyrirtækjum þeim tengdum.
- c) Standa ekki í óbættum sökum við félagið eða önnur stéttarfélög innan ASÍ.

Innan félagsins er heimilt að starfrækja deildir í bakstri, framreiðslu, kjötiðn, matreiðslu

Aukafélagar geta þeir orðið sem vinna skv. kjarasamningi félagsins en óska ekki eftir fullri aðild. Aukafélagar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins, en njóta ekki atkvæðisréttar og kjörgengis .

Menn sem hafa að staðaldri fagmenn greinana í þjónustu sinni geta ekki verið félagsmenn. Þeim er þó heimilt að greiða gjöld sem veitir þeim aðgang að öðrum sjóðum félagsins.

Verkstjórar sem hafa eingöngu verkstjórn með höndum, hafa rétt til að vera í MATVÍS, en njóta þó ekki kjörgengis, kosningaréttar né atkvæðisréttar um kjaramál. Enda skulu þeir undanþegnir vinnudeilum.

#### **5.gr.**

Hafi félagsmaður sem uppfyllir ákvæði 4. gr., greitt til sjóða MATVÍS í 6 mánuði skal stjórn senda honum tilkynningu þess efnis að ef hann óski ekki eftir því að gerast fullgildur félagi muni hann teljast sem slíkur og skal stjórn félagsins þá afhenda honum félagsskírteini. Félagsskírteini skal að jafnaði bera félagsskírteini á sér við vinnu.

#### **6. gr.**

Úrsögn skal vera skrifleg og sendast skrifstofu félagsins. Sá er segir sig úr félaginu, skal láta félagsskírteini sitt fylgja úrsögninni.

Engin getur sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst, eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu, þar til að vinnustöðvun hefur verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmanna í öðru stéttarfélagi sem lagt hefur niður störf vegna löglegrar deilu um kaup og kjör.

### **3. Kafli**

#### **Réttindi og skyldur félagsmanna, réttindamissir og brottrekstur.**

#### **7. gr.**

Réttindi félagsmanna eru: auk annarra réttinda njóta fullgildir félagsmenn a,b og c liða hér að neðan , en aukafélagar njóta a og c liðar.

- a) Málfrelsi og tillöguréttur á félagsfundum samkvæmt fundarsköpum félagsins.
- b) Kjörgengi í trúnaðarstörf félagsins og á vegum þess í þeim samtökum, sem félagið á aðild að.
- c) Réttar til aðstoðar félagsins og réttinda í sjóðum þess.

## **8. gr.**

Skyldur félagsmanna eru:

- a) Að hlýða lögum félagsins, fundarsköpum, félagssamþykktum, fyrirskipunum og samningum í öllum greinum.
- b) Að gegna trúnaðarstöðum.

## **9. gr.**

### **Heiðursfélagar**

Heiðursfélagar geta þeir orðið, sem unnið hafa lengi fyrir félagið, eða gegnt þýðingarmiklum trúnaðarstörfum fyrir greinarnar. Trúnaðarráð útnefnir heiðursfélaga, enda sé það gert með samhljóða atkvæðum. Heiðursfélagar skulu vera undanþegnir gjaldskyldu til félagssjóðs og kjörskyldu til trúnaðarstarfa, en eru háðir ákvæðum laga þessara að öðru leyti.

## **10. gr.**

### **Brottrekstur**

Hafi félagsmaður unnið gegn hagsmunum félagsins, valdið því tjóni eða álitshnekki, getur stjórn lagt fyrir félagsfund tillögu um brottrekstur hans úr félaginu.

Úrskurður félagsfundar um áminningu eða brottvísun félagsmanns má vísa til Alþýðusambands Íslands sbr. ákvæði laga þess.

## **4. Kafli**

### **Aðal- og félagsfundir.**

## **11. gr.**

### **Aðalfundur**

Aðalfundur félagsins skal haldin fyrir apríllok árlega og fer með æðsta vald í málefnum félagsins.

Aðalfundur skal boða skriflega með minnst viku fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Starfsskýrsla stjórnar og nefnda fyrir liðið starfsár flutt.
2. Lagðir fram ársreikningar áritaðir af löggildum endurskoðanda og yfirlit yfir sjóði félagsins til samþykktar.
3. Lagabreytingar ef fyrir liggja.
4. Stjórnar og trúnaðarráðskjör..
5. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna, og tveggja til vara.
6. Kosning fulltrúa á ársfund lífeyrissjóðsins Birtu

7. Kosið í starfsnefndir og deildir.
8. Önnur mál.

## **12. gr.**

### **Félagsfundur**

Félagsfundir skulu haldnir þegar stjórn félagsins þykir þurfa, eða ef 10 félagsmenn krefjast þess skriflega, enda tilgreini þeir fundarefnið.

Til félagsfunda skal boðað með minnst tveggja sólahringa fyrirvara.

Öllum fundum skal stjórnað samkvæmt fundarsköpum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum allra mála, nema lög þessi kveði á um annað. Allir fundir eru lögmætir sé löglega til þeirra boðað og mættir eru formaður, ritari eða varamenn þeirra.

## **13. gr.**

Heimilt er að hljóðrita aðal- og félagsfundi. Hópar félagsmanna, sem staðsettir eru utan fundastaðar geta tekið þátt í fundum með tengingu við hljóðkerfi í fundarsal um síma. Þar sem slíkir hópar félagsmanna eru saman komnir til þátttöku í fundum stjórnar trúnaðarmaður, sem formaður felur þann starfa.

## **5. Kafli**

### **Stjórn og trúnaðarráð.**

## **14. gr.**

### **Stjórn**

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur, kjósa skal 4 til vara. Stjórn félagsins skal einnig vera stjórn sjúkrasjóðs.

Stjórn skipti með sér verkum.

Stjórn félagsins heldur fundi þegar formaður kveður hana saman eða meirihluti stjórnar æskir þess.

Stjórn getur skipað nefndir um þau mál sem þurfa þykir og setur nefndum starfsreglur. Stjórnarmenn skulu að öllu jöfnu ekki vera starfsmenn félagsins. Þó getur formaður verið starfandi.

## **15. gr.**

### **Trúnaðarráð**

Stjórn félagsins og varamenn í stjórn ásamt 4 félagsmönnum skipa trúnaðarráð félagsins.

Varamenn í trúnaðarráði eru 2. Í forföllum aðalmanna taka varamenn sæti þeirra. Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

Hlutverk trúnaðarráðs er:

- Að móta stefnu félagsins í mikilsverðum málum.
- Að gera tillögu um atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun
- Að leggja mat á samninga áður en þeir eru bornir undir atkvæði

#### **16. gr.**

##### **Formaður**

Formaður kallar saman stjórnarfundum og trúnaðarráðsfundum með þeim hætti sem hann telur heppilegastan. Trúnaðarráðsfundur er lögmætur ef meirihluti er mættur. Skylt er formanni að boða trúnaðarráðsfund, ef þriðjungur trúnaðarráðs óskar þess og tilgreinir fundarefni.

Formaður stjórnar fundum stjórnar og trúnaðarráðs.

#### **17. gr.**

##### **Varaformaður**

Varaformaður gegnir sömu störfum og formaður, í forföllum hans.

#### **18. gr.**

##### **Ritari**

Ritari skráir í fundargerðabók greinilega frásögn um það sem gerist á stjórnar, trúnaðarráðs og félagsfundum. Ritari undirritar fundargerðir funda ásamt formanni.

## **6. Kafli**

### **Allsherjaratkvæðagreiðsla, kjör í stjórn, trúnaðarráð og aðrar trúnaðarstöður.**

#### **19. gr.**

##### **a. Kosning stjórnar og trúnaðarráðs**

Stjórn og trúnaðarráð skal kosið til tveggja ára í senn, þannig að annað hvert ár skal kjósa formann félagsins, tvo með stjórnendur, tvo varamenn í stjórn, þrjá aðalmenn í trúnaðarráð og einn varamann í trúnaðarráð, en hitt árið skal kjósa tvo með stjórnendur, tvo varamenn í stjórn, tvo aðalmenn í trúnaðarráð og einn varamann í trúnaðarráð.

Stjórn og trúnaðarráð skal kosið listakosningu og skal kosning fara fram samkvæmt lögum ASÍ um allsherjar atkvæðagreiðslu komi fram annar listi en listi stjórnar og trúnaðarráðs skv. 22.gr. Berist ekki annar listi telst listi stjórnar og trúnaðarráðs skv. 22.gr. sjálfkjörinn.

### **b. Kosning til annarra trúnaðarstaða og nefnda**

Í fastanefndir MATVÍS sem ákveðið verður að skuli starfsræktar á milli aðalfunda og til annarra trúnaðarstarfa og nefnda skv. lögum þessum skal kjósa á aðalfundi. Viðhöfð skal einstaklingskosning og skal kosið milli þeirra einstaklinga sem stjórn og trúnaðarráð skv. 22.gr. stillir upp og þeirra sem kunna að gefa hafa kost á sér í þær trúnaðarstöður og nefndir. Berist ekki aðrar tillögur teljast þau sem stillt er upp skv. 22.gr. sjálfkjörin.

### **c. Með mælendur með framboðum.**

Listi og tillögum samþykktum í stjórn og trúnaðarráði þurfa ekki að fylgja meðmæli félagsmanna. Öðrum listum og einstaklingsframboðum þurfa að fylgja meðmæli 15 fullgildra félagsmanna.

### **20. gr.**

#### **Samninganefnd.**

Samninganefnd skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um kjar- og samningsgerð fyrir hönd félagsins. Nefndin skal kjörin af trúnaðarráði og í henni skulu eiga sæti minnst 5 menn. Formaður félagsins skal vera formaður samninganefndar. Samninganefnd er heimilt að skipta með sér verkum eftir samningssviðum.

### **21. gr.**

#### **Kjörstjórn**

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um stjórn atkvæðagreiðslu um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur skv. lögum félagsins. Kjörstjórnin skal kjörin af aðalfundi og í henni skulu eiga sæti tveir menn og tveir til vara. Við stjórnun atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar trúnaðarmannaráð þriðja stjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjör-stjórnar. Við stjórnun allsherjaratkvæðagreiðslna um önnur atriði skv. lögum félagsins og/eða lögum ASÍ skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

### **22. gr.**

#### **Uppstillingarnefnd**

Fyrir lok nóvember skal stjórn og trúnaðarráð kjósa þrjá menn í nefnd til að gera tillögur um félagsmenn í stjórn og önnur trúnaðarstörf félagsins. Í störfum sínum skal nefndin tryggja það að allar deildir innan félagsins eigi fulltrúa í stjórn og ráðum. Nefndin skal hafa lokið störfum og lagt tillögur sínar fyrir stjórn og trúnaðarráð til samþykktar fyrir lok janúarmánaðar. Samþykktur listi vegna stjórnar og trúnaðarráðs

skal liggja frammi á skrifstofu félagsins og birtast samhliða á heimasíðu þess eigi síðar en 1. febrúar til aðalfundar.

Aðrir listar til stjórnar og trúnaðarráðs og einstaklingsframboð til annarra trúnaðarstarfa félagsins, þurfa að hafa borist skrifstofu félagsins eigi síðar en 15. febrúar.

### **23. gr.**

Hafi félagsmaður gegnt trúnaðarstörfum fyrir félagið tvö kjörtímabil eða lengur, getur hann skorast undan kosningu næstu tvö ár.

### **24. gr.**

#### **Alsherjaratkvæðagreiðsla**

Stjórn getur ákveðið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör stjórnar, trúnaðarráðs og annarra trúnaðarmanna.

Um tilhögun allsherjaratkvæðagreiðslu skal fara eftir reglugerð Alþýðusambands Íslands um allsherjaratkvæðagreiðslur.

## **7. Kafli**

### **Fjármál.**

### **25. gr.**

#### **Félagsgjöld**

Félagsgjald skal vera 0,9% af heildarlaunum. Stjórn og trúnaðarráð tekur ákvörðun um skiptingu félagssjóðs í vinnudeilusjóð, orlofshúsasjóð og sjúkrasjóð samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð sjóðanna

### **26. gr.**

#### **Endurskoðun reikninga**

Tveir félagslegir skoðunarmenn skulu yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir sínar við þá. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skoðunarmenn eru kosnir á aðalfundi. Hlutverk þeirra er m.a. að hafa eftirlit með því að fjármunum félagsins sé varið til þeirra verkefna sem félagsfundur og/eða stjórn hafa ákveðið. Auk athugunar hinna félagskjörnu skoðunarmanna er stjórn félagsins skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins í lok hvers reikningsárs. Reikningar félagsins skulu liggja frammi, til skoðunar fyrir félagsmenn, 7 dögum fyrir aðalfund.



## **27. gr.**

### **Sjóðir**

Sjóðir í eigu eða vörslu félagsins skulu vera:

Félagssjóður, sjúkrasjóður, vinnudeilusjóður, orlofssjóður, svo og aðrir sjóðir sem stofnaðir kunna að vera. Allir sjóðir félagsins aðrir en félagssjóður skulu hafa sérstaka reglugerð sem samþykkja þarf á aðalfundi. Reglugerðum sjóða má aðeins breyta á aðalfundi. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, hverjar tekjur hans skuli vera, hvernig verja skuli fé hans og hvernig honum skuli stjórnað. Hafa til hliðsjónar viðmiðunarreglur ASÍ og eða reglur lífeyrissjóða um ávöxtun?

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir á tryggan hátt í ríkisskuldabréfum, í ríkistryggðum skuldabréfum í bönkum eða í sparisjóðum, í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign eða á annan hátt er stjórn félagsins og trúnaðarráð metur tryggan.

Tekjur félagsins skiptast milli sjóðanna samkvæmt ákvæðum í reglugerðum þeirra.

## **28. gr.**

Hafi félagsmaður verið atvinnulaus eða veikur í einn mánuð eða lengur samfleytt, er stjórn heimilt að fella niður gjaldskyldu hans til sjóða félagsins tímabundið, enda hafi atvinnulaus maður samband við skrifstofu félagsins og sá sem veikur er leggi fram vottorð um veikindi sín.

## **29. gr.**

Gjaldfrjálsir til félagssjóðs skulu þeir félagsmenn vera, sem náð hafa 60 ára aldri, enda hafi þeir greitt að fullu til félagsins s.l. 10 ár. Einnig skulu félagsmenn, sem stunda nám hér á landi eða erlendis og eru launalausir þess vegna vera gjaldfrjálsir til sjóða félagsins þann tíma sem á námi stendur. Þeir sem gjaldfrjálsir eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu þó njóta fullra félagsréttinda.

## **30. gr.**

Félagsmáður sem stundað hefur vinnu erlendis og ekki greitt gjöld til sjóða félagsins þann tíma, skal fá full félagsréttindi á ný, ef hann sýni vottorð um að hann hafi greitt stéttarfélagsgjöld í dvalarlöndum erlendis.

## **8. Kafli**

### **Lagabreytingar.**

## **31. gr.**

Lögum þessum má aðeins breyta á lögætum aðalfundi, hafi þess verið getið í fundarboði og þarf til þess 2/3 atkvæða viðstaddra félagsmanna. Lagabreytingar, sjá lög ASÍ varðandi gildistöku laga einstakra félaga.

### **32. gr.**

Lagabreytingartillögur og aðrar tillögur sem bera skal upp á aðalfundi til samþykktar og/eða ályktunar skal afhenda stjórn félagsins eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Skal stjórnin láta tillögurnar liggja frammi á skrifstofu félagsins, til skoðunar fyrir félagsmenn, 7 dögum fyrir aðalfund.

## **9. Kafli**

### **Félagsslit.**

### **33. gr.**

Félaginu verður því aðeins slitið að tillaga um það hafi verið samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu með 2/3 atkvæða. Um sameiningu félagsins við annað félag skal fara á sama hátt.

### **34. gr.**

Verði félaginu slitið skulu allar eignir þess afhentar ASÍ til vörslu, þar til nýtt félag verður stofnað með sama tilgangi. Nú verður ekki stofnað nýtt félag innan 5 ára frá félagsslitum, skal þá stofna sjóð sem styrki matvælagreinar menn til framhaldsnáms og skulu allar eigur félagsins renna til sjóðsins. Reglugerð fyrir sjóðinn skal síðasta stjórn félagsins semja og afhenda ASÍ ásamt eigum félagsins

Lög félagsins þannig breytt á aðalfundi MATVÍS þann 10.apríl 2024

Þannig staðfest af miðstjórn ASÍ 22. maí 2024